

## Bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar 2025-2028

Í fjárhagsáætlun ársins 2025 er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma A- hluta bæjarsjóðs verði jákvæð um tæplega 226 milljónir króna og að rekstrarafkoma A- og B- hluta verði jákvæð um samtals rúmar 253 milljónir króna. Á sama tíma gerir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ráð fyrir fjárfestingum upp á tæplega 2,4 milljarða króna, en að teknu tilliti til tekna af gatnagerðargjöldum verða nettó fjárfestingar kaupstaðarins tæplega 330 milljónir króna, sem er aðeins um einn tíundi þess sem varið var til fjárfestinga í áætlun ársins 2024. Það er því ljóst að eftir mikið uppbyggingarskeið og stórar fjárfestingar á síðustu árum, verður verulega dregið úr á næsta ári.

Gjaldskrár kaupstaðarins hækka almennt um 5,6% nema annað sé sérstaklega tilgreint í viðkomandi gjaldskrá. T.d. eru gjaldskrár sem tengjast börnum og barnafjölskyldum ekki hækkaðar um meira en 3,5 %.

Síðasta ár var álagningarprósenta fasteignagjalda hækkuð og hún verður einnig hækkuð nú í áætlun næsta árs. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa það í huga að fasteignamat húsnæðis á Akranesi hækkar mun minna nú á milli ára en raunin hefur verið á síðustu árum. Akraneskaupstaður hefur gengið mjög langt í að lækka þessa skattheimtu um nokkurra ára bil. Þannig var á árinu 2017 álagningarprósenta fyrir íbúðarhúsnæði 0,3611 en verður 0,2714 vegna ársins 2025. Hámarks álagningarprósenta samkvæmt lögum er 0,5% og því er hægt að segja að Akraneskaupstaður hlífi íbúum sínum verulega við þessari gjaldheimtu og afsali sér þannig talsverðum tekjum með lægri prósentu en lög gera ráð fyrir.

Staðan á íslensku efnahagslífi og aljóðlegu hefur ekki gert rekstrarumhverfi sveitarfélaga auðvelt og sérstaklega ekki þeirra sem þurft hafa að standa í miklum fjárfestingum eins og Akraneskaupstaður hefur verið í. Nú sér hugsanlega fyrir endann á háu vaxtastigi og hárrí verðbólgu og batamerki eru sjáanleg í rekstrarumhverfinu. Við munum samt fara varlega og verður ekki farið af stað með ný fjárfestingarverkefni á nýju ári fyrr en við sjáum enn betri merki um bata og tekjur af aukinni uppbyggingu fara að skila sér í bæjarsjóð.

Rekstur bæjarsjóðs hefur verið og verður áfram mikil áskorun fyrir okkur bæjarfulltrúa. Nauðsynlegt er að A hlutinn standi undir almennum rekstri og eðlilegu viðhaldi og uppbyggingu innviða. Þrátt fyrir aðhald í rekstri undanfarin ár er alltaf hægt að gera betur og þegar að kreppir þarf að taka ákvarðanir sem eru ekki til vinsælda fallnar. Við höfum hafið áframhaldandi samstarf við KPMG við úttekt og markmiðasetningu sem heldur áfram á næsta ári og liður í því er að þann 3. desember sl. samþykkti Velferðar og mannréttindaráð verkefnatillögu KPMG um úttekt á rekstri Velferðarsviðs sem sett verður af stað strax eftir áramót.

Undirbúningur að byggingu Samfélagsmiðstöðvar, framtíðarhúsnæðis fyrir Fjöliðjuna, Hver og Þorpið heldur áfram á árinu 2025. Framkvæmdum við rýmingu á byggingarreit er lokið og gerð útboðsgagna að ljúka. Ætlunin er að bjóða út á árinu 2025 byggingarrétt á lóð

Samfélagsmiðstöðvar og er ætlunin að Akraneskaupstaður verði kaupandi að jarðhæð þeirrar byggingar.

Við, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar þökkum bæjarfulltrúum Framsóknar og frjálsra fyrir gott samstarf í ráðum og nefndum við gerð fjárhagsáætlunar árána 2025 – 2028. Þrátt fyrir að þau telji, með bókun við fyrri umræðu, að vinnubrögð okkar einkennist m.a. af andvaraleysi og að við skilum auðu þegar kemur að fjármálum sveitarfélagsins, þá hefur samstarf meiri- og minnihluta verið gott við þessa áætlunargerð og við höfum ekki orðið vör við að sumir bæjarfulltrúar séu meira vakandi yfir stöðunni en aðrir. Hvatningar Framsóknar og frjálsra hafa verið af hinu góða en það hefði farið betur á því að þau hefðu komið með tillögur um aðgerðir til aðhalds í bókun sinni við fyrri umræðu.

Akraneskaupstaður er með mörg tækifæri og möguleika fyrir framan sig sem byggist á góðum og skynsömum rekstri og ákvarðanatökum undanfarinn ára. Fari allt sem horfir og eftirspurn eftir lóðum glæðist að nýju, þá verðum við tilbúin með fjölda lóða fyrir bæði íbúðarhúsnæði og fyrirtæki og góða innviði til að taka við fólksfjölgun ásamt áætlunum um frekari innviðauppyggingu.

Að lokum þökkum við bæjarstjóra og embættismönnum bæjarins fyrir afar gott samstarf og þeirra mikla vinnuframlag við gerð þessarar fjárhagsáætlunar.



Einar Brandsson



Valgarður Lyngdal Jónsson



Guðm. Ingbór Guðjónsson



Jónína Margrét Sigmundsdóttir



Þórunn Guðjónsson



Kristinn Hallur Sveinsson